

# FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

4. maí 2026 | 17. árgangur 7. tölublað



HÖRGÁRSVEIT

## FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

### Sæludagur í Hörgársveit

*Sköpum minningar!*

Sæludagurinn í Hörgársveit er handan við hornið – laugardaginn 20. júní!

Nú er tækifærið til að hafa áhrif á dagskrána og gera daginn alveg eins og við viljum hafa hann.

Hvað langar þig að sjá?

Leiki, tónlist, markað, uppákomur

– eða eitthvað alveg nýtt?

Sendu okkur þína hugmynd **HÉR**

og taktu þátt í að skapa daginn!



### Kosning utan kjörfundar - sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026

**Akureyri**, Strandgötu 1 (Landsbankahúsið við Ráðhústorg),

alla virka daga og á Uppstigningardag kl. 10:00 - 18:00.

Um helgar kl. 11:00 - 15:00.

Á kjördag kl. 10:00 - 17:00.

[Sjá nánar HÉR](#)

### Vöflukaffi á kjördag 16. maí

Nemendur 8.-9. bekkjar verða með vöflukaffi í Pelamerkurskóla á kjördag frá kl. 13-16 til styrktar ferðasjóði.

7 ára og eldri 1500 kr. 0-6 ára frítt.

Ekki posi á staðnum en hægt að millifæra.

### Næsti fundur sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 12. maí klukkan 8:30.

# Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 30. apríl 2026 kl. 8:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla .

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Ásrún Árnadóttir, Jón Þór Benediktsson, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

## 1. Ársreikningur - 2025 - H2604007

Lagður fram ársreikningur fyrir árið 2025 til síðari umræðu en fyrri umræða um ársreikninginn fór fram 15.apríl 2026. Fyrir fundinum lá einnig endurskoðunarskýrsla frá PwC og staðfestingarbréf sem var yfirfarið á fundinum og er oddvita og sveitarstjóra falið að undirrita bréfið. Rúnar Bjarnason og Aðalheiður Eiríksdóttir frá PricewaterhouseCoopers komu á fundinn og fóru yfir ársreikninginn og svöruðu fyrirspurnum um hann. Samkvæmt ársreikningnum urðu rekstrartekjur A hluta alls 1.506,6 millj. kr. og rekstrargjöld 1.420,2 millj. kr. á árinu 2025. Fjármagnsliðir A hluta voru neikvæðir um 62,7 millj. og þar af eru verðbætur kr. 34,2 millj. kr. Heildar rekstrarniðurstaða A hluta á árinu varð því jákvæð upp á 23,7 millj. kr. Hlutdeild í samstarfsverkefnum B-hluta var jákvæð um 25,2 millj. kr. Eigið fé A hluta í árslok er 1.220,7 millj. kr. og jókst um 111,7 millj. frá árinu áður og hefur alls hækkað um 377,5 millj. á kjörtímabilinu. Veltufé frá rekstri A hluta á árinu var 112 millj. kr. eða 7,4% af heildartekjum. Nettó fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum var 230,9 millj. kr. á árinu 2025 og er hún að nær öllu leyti vegna endurbyggingar húsnæðis Þelamerkurskóla sem og framkvæmdir við gatna- og stígagerð. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok kr. 1.119,5 millj. kr. og hækkuðu á árinu vegna lántöku til fjárfestinga og hækkunar verðbóta vegna verðbólgu. Skuldahlutfall Hörgársveitar A-hluta í árslok 2025 er 74,3% og skuldaviðmið 65,1%.

*Sveitarstjórn samþykkti ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2025 og staðfesti hann með undirritun sinni.*

## 2. Fundargerð fræðslunefndar - 27.4.2026 - H2602050

Fundargerð 60. fundar lögð fram.

Fundargerðin er í 14 liðum og þarfnast 3 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

### 2.1 Menntastefna Hörgársveitar 2026-2030

*Sveitarstjórn samþykkti framlagða menntastefnu Hörgársveitar 2026-2030.*

### 2.2 Skóladagatal Álfasteins 2026-2027

*Sveitarstjórn samþykkti skóladagatal Álfasteins 2026-2027 eins og það liggur fyrir.*

### 2.3 Skóladagatal Þelamerkurskóla 2026-2027

*Sveitarstjórn samþykkti skóladagatal Þelamerkurskóla 2026-2027 eins og það liggur fyrir.*

## 3. Skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar - 122 - 2604011F

Fundargerðin er í 9 liðum og þarfnast 7 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

### 3.1 H2604009 - Lækjarvellir 19 (L240260) - lóðaumsókn

Böggur ehf. kt 471004-3750 sækir um athafnalóðina Lækjarvelli 19 (L240260).

*Sveitarstjórn samþykkti að úthluta lóðinni nr. 19 við Lækjarvelli til Böggs ehf kt. 471004-3750.*

### **f3.2 H2604021 - Fagranes (L152434) - Afmörkun á lóð fyrir heilsárshús**

Tekin fyrir merkjalýsing unnin af Hákonni Jenssyni dags. 02.04.2026 þar sem verið er að stofna 683,3 m<sup>2</sup> lóð úr landi Fagraness L152434 undir heilsárshús. Sótt er um að nýja lóðin fái staðfangið Fagranes 2. Byggingarreitir undir 200 m<sup>2</sup> heilsárshús, sem nú er verið að stofna lóð undir, var samþykktur á fundi sveitarstjórnar 27. mars 2025 þegar jákvæð umsögn Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands lægi fyrir og fylgja umsagnirnar fundargögnum.

*Sveitarstjórn samþykkti merkjalýsinguna á grundvelli reglugerðar um merki fasteigna nr. 160/2024 og að lóðin fái staðfangið Fagranes 2.*

### **3.3 H2603048 - Hagaskógur 2 - Umsókn um byggingarleyfi**

Erindi dagsett 31.03.2026 þar sem Böggur ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á lóðinni Hagaskógur 2, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Steinmar Heiðar Rögnvaldsson. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja 280 m<sup>2</sup> hús á lóðinni en skv. innsendri umsókn fer húsið 12,5 m<sup>2</sup> yfir nýtingarhlutfall með B-Rými.

*Sveitarstjórn samþykkti að þar sem um óverulegt frávík er að ræða, er ekki er talin þörf á breytingu á deiliskipulagi með vísan í ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkti erindið.*

### **3.4 H2604022 - Umsókn um uppsetningu hraðhleðslustöðva í Hörgársveit**

Gefur ekki tilefni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

### **3.5 H2604005 - Umsókn um stöðuleyfi**

Gefur ekki tilefni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

### **3.6 H2604010 - Stórabrekka 2 - Umsókn um byggingarheimild**

Reynir Örn Hannesson sækir um byggingu 280,8 fm stálgrindaskemmu á jörðinni Stórabrekku 2 (L239272) sbr. meðfylgjandi umsókn og aðaluppdrætti, unna af Magnúsi Val Benediktssyni dags. 10.04.2026.

*Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd við byggingaráformin. Þar sem áformin varða hvorki aðra en málsaðila og sveitarfélagið skal fallið frá grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en leita skal umsagnar Minjastofnunar áður en byggingarleyfi verður veitt.*

*Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.*

### **3.7 H2604033 - Hreinsunardagar 2026**

*Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og hvetur íbúa til þátttöku í fegrun og hreinsun svæða í nærumhverfinu. Sveitarfélagið tekur þátt í móttöku og förgun og kynni það fyrir íbúum. Hreinsunardagar verði 15.-17. maí 2026.*

### **3.8 H2604030 - Bárulundur 2 - Merkjalýsing fyrir nýja lóð.**

Merkjalýsing vegna afmörkunar og hnitsetningu á landspildu innan Bárulundar lögð fram til staðfestingar.

*Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu og er hún samþykkt á grundvelli reglugerðar um merki fasteigna nr. 160/2024. Jón Þór Benediktsson vék af fundi undir þessum lið.*

### **3.9 H2604034 - Umræður um framkvæmdarleyfi vegna efnistöku**

*Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og áréttar til handhafa framkvæmdaleyfa vegna efnistöku að taka fullt tillit til nærumhverfis er varðar flutninga um sveitarfélagið.*

#### **4. Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar - Afgreiðslufundur - 2026 - H2602039**

Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 111. fundi lögð fram.

#### **5. Fundargerð HNE - H2603033**

Fundargerð HNE frá 247. fundi lögð fram.

#### **6. Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar - 2022 - 2026 - H2604023**

Fundargerð 19. fundar lögð fram. Fréttatilkynning frá nefndinni lögð fram.

#### **7. Umboðsmaður barna - H2604024**

Sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðisleg þátttaka barna, bréf lagt fram.

#### **8. Erindi til sveitarstjórnar - skipulagsmál og framkvæmdaleyfi og um störf sveitarstjórnar og starfsemi sveitarfélagsins - H2604006**

Tekin eru fyrir, sum að nýju, erindi frá Árna Rúnari Örvarssyni sem borist hafa frá 29.3.2026 til 24.4.2026, en áður hafði hluti þeirra verið kynntur í sveitarstjórn. Alls er um að ræða 86 spurningar í 8 erindum bréfitara, þar sem ekki er aðeins óskað eftir fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum, heldur er farið fram á skýringar, afstöðu og pólitískt mat sveitarstjórnar gagnvart margvíslegum málefnum. Þannig er um að ræða umfangsmikil erindi sett fram á breiðum grunni og beint til sveitarstjórnar. Bréfitari afþakkaði fund með fulltrúum sveitarstjórnar þar sem leitast átti við að afmarka erindin. Að áliti oddvita sveitarstjórnar er oft á tíðum erfitt að greina nákvæmlega skil þarna á milli og hvernig skilja beri erindin, sem torveldar úrvinnslu málsins, en unnið er með erindi bréfitara sem eitt mál. Oddviti lagði fyrir sveitarstjórn tillögu að svari sveitarfélagsins til bréfitara sem viðbrögð af hálfu sveitarstjórnar.

*Sveitarstjórn samþykkti eftir umræður að fela oddvita að svara bréfitara í samræmi við tillöguna og umræður á fundinum.*

*Jónas Þór Jónasson sat hjá við umræður og afgreiðslu málsins.*

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10:50

Skráning á póstlista fréttabréfsins

